

og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefnd á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

#### 4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin á ráðningarsamningi þeim, sem getur í 5. gr. og greiðast úr sveitarsjóði.

#### 5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans og orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningasamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Upp-sagnafrestur af hendi hvors aðila eru 6 mánuðir.

#### 6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Nesjahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. október 1978.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjöld í Þórshafnarkaupúni.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Þórshafnar ákveður að leggja B-gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

B-gatnagerðargjald er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu, svo og að ganga endanlega frá gangstétt.

#### 2. gr.

1. Íbúðir m/bifreiðageymslu í einbýlishúsum að 500 m <sup>3</sup> .....	kr. 210 000
2. Parhús að 400 m <sup>3</sup> hvor íbúð .....	— 150 000
3. Tvíbýlishús á tveimur hæðum og tveggja íbúða hús á einni hæð, að 400 m <sup>3</sup> hvor íbúð .....	— 130 000
4. Raðhús á einni hæð. að 300 m <sup>3</sup> hver íbúð .....	— 120 000
5. Raðhús á tveimur hæðum og fjölbýlishús með 3—4 íbúðum að 300 m <sup>3</sup> hver íbúð .....	— 110 000
6. Fjölbýlishús og bílageymslur, að 300 m <sup>3</sup> hver íbúð .....	— 70 000

7. Verslunar- og skrifstofuhúsnæði og opinberar byggingar kr. 325 pr. m<sup>3</sup>, þó aldrei lægri upphæð en 210 000 hvert einstakt hús.
8. Iðnaðarhúsnæði, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði kr. 220 pr. m<sup>3</sup>

Af hverjum rúmmetra umfram tiltekna hámarksstærð íbúðarhúsnæðis greiðast kr. 420 pr. m<sup>3</sup>.

Auk þessa gjalds greiða lóðarhafar í gatnagerðargjöld kr. 86 af hverjum fermetra lóðar.

Af kjöllurum, rishæðum og jarðhæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar skal greiða hálf gjald.

Gjald skal miða við stærð húss samkv. samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirbyggjandi uppdráttur og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldir lágmarksstærðir.

Einbýlishús .....	500 m <sup>3</sup>
Parhús .....	400 m <sup>3</sup>
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús .....	400 m <sup>3</sup>
Fjölbýlishús og raðhús .....	300 m <sup>3</sup>

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir.

### 3. gr.

Gjöld samkv. 2. gr. skal miða við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem er í gildi í byrjun hvers árs, sem lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu, samanb. þó 4. gr.

### 4. gr.

Innheimta skal gjald af fasteignum við götur sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi og/eða gangstétt á síðustu 5 árum og skal gjaldið nema meðalkostnaði við þær framkvæmdir.

### 5. gr.

Ganga skal frá greiðslum á gatnagerðargjaldi samkv. 2. gr. á eftirfarandi hátt á því ári, sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingu áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags.

20% gatnagerðargjalds skulu greidd á framkvæmdaárinu.

Sveitarstjórn ákveður gjalddaga í hverju tilviki.

80% gatnagerðargjaldsins skal greiða með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum, og skulu eftirstöðvarnar bera 12% vexti og greiðast eftir á.

Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það. Lokagreiðsla á gatnagerðargjaldi skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu, sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Staðgreiðsluafsláttur skal vera sá sami og nemur innlánsvöxtum af eins árs sparisjóðsbók á hverjum tíma.

### 6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða B-gatnagerðargjald af viðkomandi byggingu.

**7. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkv. 5. gr. í eftirfarandi tilfellum.

a) Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur, sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.

b) Þegar í hlut eiga efnalitlir elli og örorkulífeyrisþegar.

**8. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

**9. gr.**

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi, sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað og hirtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1978.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

**GJALDSKRÁ**

**fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.**

**I. RAFORKA**

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

**A. Lýsing.**

- A 1. Um kWst.-mæli á kr. 43.20 hver kWst.  
 A 2. Um kWst.-mæli á kr. 19.82 hver kWst. auk fastagjalds af gólfleti er nemi kr. 220.00 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa á.  
 A 3—6. Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kWst.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWst.-gjaldi samkv. A 1 og kWst.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

- B 1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:  
 a. Orkugjald kr. 19.82 hver kWst.  
 b. Grunngjald (mælisteiga innifalin):